

Þriðjudaginn 21. janúar 1986.

Nr. 275/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Guðbrandi Magnússyni

Kærumál. Kröfu um niðurfellingu öryggisgæslu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Tilsjónarmaður varnaraðila, séra Jón Bjarman, hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. desember 1985 er barst Hæstarétti 18. s.m. og krafist þess að varnaraðili verði leystur úr öryggisgæslu. Kæra er heimil samkvæmt lokaákvæði 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Svo sem greint er í hinum kærða úrskurði er varnaraðili haldinn ólæknandi geðsjúkdómi á háu stigi. Þykir ljóst að varnaraðili sé með öllu ófær um að bjargast á eigin spýtur og til þess að koma í veg fyrir að hætta stafi af honum þurfi að halda niðri geðveikiseinkennum hans með stöðugri lyfjagjöf. Samkvæmt þessu verður að fallast á það með héraðsdómara að eigi sé fært að verða við kröfu tilsjónarmanns varnaraðila.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Árnassýslu 6. desember 1985.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, er tilkomið vegna beiðni Jóns Bjarman fangaprests, tilsjónarmanns Guðbrands Magnússonar, f. 20.9. 1954, nú dveljandi í fangelsinu Bitru í Hraungerðishreppi, sem dæmdur var í sakadómi Reykjavíkur hinn 30. maí 1980 til að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun skv. 62. gr. alm. hgl., að mál hans verði að nýju lagt undir úrskurð dómara, skv. 62. gr. alm. hgl.

II.

Skv. ofangreindum dómi sakadóms var Guðbrandur Magnússon fundinn sekur um brot á 211. gr. alm. hgl., fyrir að hafa mánudaginn 3. des. 1979 veist að móður sinni Elínborgu Guðbrandsdóttur, Æsufelli 4, Reykjavík,

í forstofuherbergi íbúðar, þar sem þau mæðgin bjuggu og svipt hana lífi með því að berja hana með þungum kertastjaka margsinis í höfuðið, svo af hlutust meiri háttar áverkar, gapandi skurður, vinstra megin og höfuð-kúpubrot, er svo til samstundis leiddi hana til dauða.

Við meðferð framangreinds máls rannsakaði Ingvar Kristjánsson læknir, sérfræðingur í geðlækningum, andlegt og líkamlegt heilbrigði Guðbrands. Var niðurstaða Ingvars að Guðbrandur væri ekki fáviti, en þjáðist af geðklofa. Hafi Guðbrandur verið svo illa haldinn af sjúkdómi þessum er hjá honum einkenndist af sinnuleysi, flötum geðhrifum, ranghugmyndum og ofskynjunum, þegar morðið var framið, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir eðli verknadarins. Ekkert bendi til þess, að vefrænn sjúkdómur liggi að baki andlegri truflun hans, né heldur að hún hafi verið orsökun af rænuskaðandi efnum.

Að áliti læknisins var Guðbrandur ósakhæfur.

Við meðferð ofangreinds máls fyrir dómi lýsti Ingvar því yfir að hann teldi engan vafa leika á því að Guðbrandur hafi verið, er hann vann verkið, alls ófær um að stjórna gerðum sínum. Taldi læknirinn Guðbrand haldinn sjúkdómi, sem almennt væri talinn ólæknanlegur, en halda mætti köstum að verulegu leyti niðri með lyfjagjöf.

Í niðurstöðu dómsins segir m.a.:

„Leitt þykir í ljós svo ekki verður um villzt, að ákærði hafi unnið verkið í geðveikiskasti og að hann hafi þá verið með öllu ófær um að stjórna gerðum sínum. Af því leiðir að skv. 15. gr. alm. hegningarlaga, ber að sýkna ákærða af kröfu um refsingu, en nauðsyn þykir að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að háski stafi af ákærða. Ber því að taka til greina varakröfu ákærvaldsins um að ákærði skuli sæta öruggri gæzlu á viðeigandi stofnun.“

Með bréfi, dags. 7. jan. sl., fól dómurinn ofangreindum Ingvari Kristjánssyni, sérfræðingi í geðlækningum, að framkvæma heilbrigðisrannsókn á Guðbrandi. Í ítarlegri skýrslu Ingvars, dags 17. sept. sl., er m.a. fjölskylduhögum Guðbrands og æviferli hans lýst. Þá er gerð grein fyrir högum Guðbrands frá því að ofangreindur atburður átti sér stað. Ennfremur er rakin geðskoðun sem Ingvar gerði á Guðbrandi.

Í lok skýrslu þessarar dregur Ingvar saman niðurstöðu sína af rannsóknnum sínum. Verða þær hér teknar upp í heild:

„Það er niðurstaða mín, að lokinni þessari rannsókn, að Guðbrandur sé enn sem fyrr haldinn geðklofa (schizophreniu), en verstu einkennum, þ.e. haldvillum og ofskynjunum, hafi á áhrifaríkan hátt verið haldið niðri með geðlyfjum, allt frá ársbyrjun 1980, ef heimildir mínar eru réttar.

Þau einkenni sjúkdómsins, sem hann ber enn, eru deyfð, sinnuleysi, nokkur þráhyggja, flöt tilfinningatjáning, sem stundum er ekki í samræmi við aðstæður, slök einbeiting, kviði og spennan. Sum þessara einkenna kynnu að minnka við aðra og/eða betri lyfjagjöf, en slíks væri einungis að freista á geðdeild. Einnig er hugsanlegt að endurhæfingar-umhverfi sjúkrahúss veitti honum enn nokkra bót, ef hann fengi kost á að njóta slíks.

Hvað varðar hættu þá er kynni að stafa af Guðbrandi er í fyrsta lagi að benda á, að ekkert í heimildum mínum bendir til þess, að hann hafi nokkru sinni ógnað fólki þau ár, sem hann hefur sætt öryggisgæslu. Í öðru lagi virðist svo sem voðaverk það, sem hann framdi, hafi átt sér stað í bráðu geðveikiskasti og gerðir hans þá hafi mótast af haldvillum hans og ofskynjunum. Þeim geðveikiseinkennum hefur síðan tekist að halda niðri með stöðugri lyfjagjöf og hefur Guðbrandur verið samvinnuþýður við töku lyfjanna og telur enda að þau séu sér nauðsynleg. Þau einkenni, sem hann ber enn og eru að ofan talin, eru í engu frábrugðin þeim einkennum, sem fleiri sjúklingar hafa er gista langlegudeildir geðsjúkrahúsa og eru haldnir geðklofa.

Í þriðja lagi ber að benda á, að rannsóknir sýna, að móðurmorð er mjög einstakur glæpur, nær alltaf framinn af yngri einhleypum karlmönnum með geðklofasýki, venjulega hafa þessir menn verið í mjög nánnum og háðum tengslum við mæður sínar, en þessi tengsl hafa einkennst af tvískinnungi, þannig, að þeir hafa viljað losna úr þeim, en jafnframt ekki talið sig geta það. Við slíka streitu og undir áhrifum ranghugmynda og/eða ofskynjana eru flestir þessara glæpa framdir. Í slíkum tilvikum er glæpurinn ekki hluti af glæpaferli.

Þá má einnig geta þess, að unglingar eru annar en miklu minni hópur móðurmorðingja og er þá ekki ótítt að þeir ráði föður sínum einnig bana samtímis.

Að þessu athuguðu tel ég að öðrum mönnum stafi ekki sérstök hætta af Guðbrandi og að eðlilegra væri, að hann vistaðist á geðsjúkrahúsi, þar sem betur mætti stýra lyfjameðferð hans og freista þess að endurhæfa hann félagslega og til vinnu. Ef dómsúrskurður í máli Guðbrands félli á þann veg að aflétta bæri öryggisgæslu teldi ég eðlilegt, að lækni hans og tilsjónarmaður hæfu svo fljótt sem auðið yrði umræður við yfirlækni geðdeildar um framtíðarmeðferð hans.“

Vitnið, Ingvar Kristjánsson, kom fyrir dóm hinn 31. okt. sl, og staðfesti ofangreinda skýrslu.

Aðspurður kvað vitnið Guðbrand vera með geðveiki á háu stigi. Kvað vitnið hér um ólæknanlegan sjúkdóm að ræða en hægt sé að halda honum

niðri með geðlyfjum. Vitnið kvað líklegt að fá Guðbrandur ekki þessi lyf, sé ákveðin hættu að hann fá ranghugmyndir eða verði haldinn ofskynjunum og geti þá stafað háski af honum.

Kveður vitnið ekki stafa háska af Guðbrandi, fáir hann lyfjameðferð.

Kveður vitnið ekki spurningu um það, að Guðbrandur þurfi á lækni-aðstoð að halda og hann þurfi að búa í þannig umhverfi að hann fái stöðuga lækniþjónustu.

Hrefna Ólafsdóttir, f. 9.1. 1932, húsmóðir í Bitru, Hraungerðishreppi, hefur borið vitni í máli þessu. Kveður vitnið Bitru bóndabýli, en þar séu einnig vistaðir refsifangar, einkum kvenfangar. Þá komi þangað til dvalar geðsjúklingar frá Kleppi og vangefnir frá félagsmálastofnunum.

Vitnið kveður Bitru vera rekið eins og hvert annað heimili, en ekki eins og hefðbundið fangelsi. Fangar þar hafi þó ekki ferðafrelsi. Þeir megi ekki fara út fyrir túngarðinn. Séu þetta helstu hömlur sem lagðar séu á vistmenn. Um strangt eftirlit sé hins vegar ekki að ræða, heldur byggist þetta á gagnkvæmu trausti fanga og annars heimilisfólks.

Kveður vitnið Guðbrand hafa dvalist í rúm 3 ár á Bitru. Að sögn vitnisins sé hann dagfarsprúður og yfirleitt góður í umgengni. Vitnið kveður Guðbrand vera í eðli sínu latan, en hann vinni þó störf sín, þó kannski hægt gangi. Kveður vitnið hann ganga illa um og erfitt sé að fá hann til að þrifa sig.

Vitnið kveðst gefa Guðbrandi lyf reglulega, þrisvar á dag, auk þess þurfi að sprauta hann á 3ja vikna fresti. Kveður vitnið að þess sé mjög vel gætt að hann fái lyf þessi, þar sem hann geti alls ekki án þeirra verið.

Að sögn vitnisins gefur Guðbrandur sig lítið að fólki að fyrri bragði, en þau samskipti, sem hann hafi við fólk, séu snurðulaus. Kveður vitnið Guðbrand vera barngóðan og í eðli sínu ljúfa persónu.

Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa orðið vart við ofbeldi í fari Guðbrands.

Vitnið tók það fram, að Guðbrandur þyrfti að vera í vernduðu umhverfi eða athvarfi, þar sem séð væri um að hann fengi lyf reglulega. Hann sé á engan hátt fær um að sjá um sjálfan sig. Hann muni t.d. stundum ekki eftir að taka lyf sín og þurfi oft að minna hann á það. Þá vildi vitnið taka það fram, að það hefði áhyggjur af því, verði niðurstaða máls þessa að Guðbrandur gengi út frjálst án skilyrða, þar sem það telji hann, eins og fram kemur hér að framan, ekki færan um að bjarga sér á eigin spýtur.

Brynleifur Steingrímsson fangelsisfirlæknir bar vitni fyrir dómi hinn 21. nóv. sl. Kvaðst vitnið hafa lítið eftir Guðbrandi frá því hann kom að Bitru, fyrir 3 árum. Hefði vitnið jafnan lítið á hann á mánaðarfresti. Hefðu þeir m.a. rætt mikið saman í þessi skipti.

Kveður vitnið Guðbrand vera áttaðan með tilliti til tíma, rúms og persónu. Telur vitnið Guðbrand ekki vera haldin ofskynjunum, hvorki

varðandi sjón eða heyrn. Þá kveður vitnið Guðbrand heldur ekki haldinn líkamlegum ofskynjunum.

Vitnið kveður Guðbrand vera í atferli ræðinn, samvinnuþýðan og að því er virðist einlæg. Vildi vitnið taka það sérstaklega fram að í frásögn sé Guðbrandur sér samkvæmur og tal hans sé raunhæft.

Vitnið kveður Guðbrand vera á lyfjum og sé ofangreind lýsing miðuð við að hann sé á lyfjum, enda kveðst vitnið ekki hafa séð Guðbrand nema undir lyfjum. Kveður vitnið Guðbrand vera á sterkum lyfjum, sem lækki vökustig heilans og sljóvgi persónugerðina.

Það er álit vitnisins að Guðbrandur þurfi á læknis meðferð að halda um ókominn tíma, en meðan hann er í líkri meðferð og hann hlýtur nú, verði ástand hans ekki talið „geðveikt“ (psychotiskt).

Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa séð ofbeldi í fari Guðbrands og hann telji hann ekki ofbeldissinnaðan.

Vitnið Jón Bjarman fangaprestur, f. 13. jan. 1933, tilsjónarmaður Guðbrands Magnússonar, kveðst hafa frá því hann var skipaður tilsjónarmaður Guðbrands Magnússonar heimsótt hann tvisvar til þrisvar á ári að undanskildu tímabilinu ágúst 1983 til jafnlengdar 1984 er hann dvaldist erlendis. Kveðst vitnið gera sér grein fyrir því að Guðbrandur sé sjúk, en vitnið telur þó Guðbrand hafa tekið framförum á þessum tíma. Hann sé hlýðinn og meðfærilegur. Að sögn vitnisins hefur Guðbrandur sýnt trega og sorgarviðbrögð, en jafnframt sé hann áhyggjufullur og öryggislítill um framtíð sína.

Aðspurt að hverju Guðbrandur hafi að hverfa eða hvað bíði hans, verði hann losaður úr öryggisgæslu, kveðst vitnið ekki geta um það sagt, en vitnið telur ljóst að Guðbrandur þurfi á læknis meðferð að halda um ókominn tíma.

Guðbrandur Magnússon missti föður sinn árið 1970 og af 5 systkinum hans eru þrjú á lífi, þrjár systur, ein er vangefin og dvelst á Sólheimum, önnur er geðveik með köflum, en sú þriðja er heilsuhraust. Tvær síðastnefndu systurnar munu hafa samband við Guðbrand, en einnig ein móður-systir hans.

III.

Með hliðsjón af vitnisburði Ingvars Kristjánssonar, sérfræðings í geðlækningum, um heilsufar Guðbrands Magnússonar, að hann sé haldinn geðveiki á háu stigi og fái ekki bata og þurfi á stöðugri lyfja- og læknis meðferð að halda, sbr. og framburði Brynleifs Steingrímssonar yfirlæknis, Jóns Bjarman fangaprests og Hrefnu Ólafsdóttur, í þá veru, svo að öðru leyti með hliðsjón af öllum málavöxtum, þykja eigi hér efni til að leysa

Guðbrand undan vistun á viðeigandi stofnun í öryggiskyni, svo að tryggt sé að ekki stafi af honum háski.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að skv. ákvæðum 62. gr. alm. hgl., er ekki gert ráð fyrir að hælisvist fari fram á refsistofnunum, heldur t.d. á geðsjúkrahúsi.

Eftir atvikum þykir rétt að allur málskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Karl F. Jóhannsson, aðalfulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Guðbrandur Magnússon, f. 20.09. 1954, verður ekki leystur úr öryggisgæslu.

Allur málskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 21. janúar 1986.

Nr. 6/1986. **Raufarhafnarhreppur**

gegn

ábúendum og eigendum Hólsjarða

Kærumál. Kröfu um að hérðaðsdómari víki sæti hafnað.

Trygging samkv. 26. gr. laga nr. 45/1973 felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í a-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. desember 1985 sem barst Hæstarétti 13. janúar 1986. Kærður er úrskurður uppkveðinn í fógætarétti Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 28. nóvember 1985 þar sem hrundið var kröfu sóknaraðila um að fógætin, Sigurður Gizurarson sýslumaður, víki sæti í máli þessu.

Sóknaraðili krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fógætanum gert að víkja sæti í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar. Einnig er þess krafist að skilað verði tryggingu að fjár-